

# Skólaforðun

*Skólaforðun - hvað er til ráða?*


RADDIR LÍFSINS ERU MARGAR  
skólaforðun, áskoranir og úrræði  
Fjalar Freyr Einarsson kennsluráðgjafi



VIÐMIÐ UM SKÓLASÓKN Í  
GRUNNSKÓLUM REYKJAVÍKURBORGAR

Skýrsla starfshóps

Október 2019



### PREP 1 (10 fjarvistarstig)

---

Umsjónarkennari ræðir við nemandann og hefur samband við foreldra.

### PREP 2 (20 fjarvistarstig)

---

Umsjónarkennari boðar foreldra til fundar ásamt nemanda, náms- og starfsráðgjafa og skólustjóra eða fulltrúa hans.

### PREP 3 (30 fjarvistarstig)

---

Fundur með skólustjórnanda / fulltrúa hans, umsjónarkennara, nemanda og foreldrum.

#### ÞREP 4 (40 fjarvistarstig)

---

Fundur með skólastjórnanda / fulltrúa hans, umsjónarkennara, nemanda, foreldrum og fulltrúa skólaþjónustu (viðbragðsteymi skólaþjónustu).

#### ÞREP 5 (60 fjarvistarstig)

---

Eftir umfjöllun í nemendaverndarráði sendir skólastjórnandi tilkynningu til Barnaverndar Reykjavíkur. Málið unnið skv. verklagsreglum skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins vegna nemenda með fjölþættan vanda.

### ÞREP 1 (5 veikinda- og / eða leyfis dagar)

---

Umsjónarkennari hefur samband við foreldra.

### ÞREP 2 (10 veikinda- og / eða leyfis dagar)

---

Umsjónarkennari boðar nemanda og foreldra til fundar ásamt skólustjóranda/fulltrúa hans.

### ÞREP 3 (15 veikinda- og / eða leyfis dagar)

---

Umsjónarkennari tilkynnir stöðuna til skólustjóra sem tekur erindið upp í nemendaverndarráði ef þörf þykir. Ef 80% eða meira af þessum forfalladögum eru vegna veikinda getur nemendaverndarráð tekið ákvörðun um að fela fulltrúa skólaheilsugæslu að hafa samband við foreldra.

#### ÞREP 4 (20 veikinda- og / eða leyfis dagar)

---

Málið tekið upp í nemendaverndarráði sem getur tekið ákvörðun um að skólastjórnandi/fulltrúi boði foreldra til fundar ásamt umsjónarkennara og fulltrúa skólaþjónustu (viðbragðsteymi skólaþjónustu).

#### ÞREP 5 (30 veikinda- og / eða leyfis dagar)

---

Nemendaverndarráð skólans tilkynnir til Barnaverndar Reykjavíkur. Málið unnið skv. verklagsreglum skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins vegna nemenda með fjölþættan vanda.

## Skólasóknarreglur í grunnskólum Reykjavíkur Áætlun um bættu skólasókn við þrep 2 (20 fjarvistarstig)

Í upphafi hvers skólaárs eru allir nemendur með fullnægjandi skólasókn. Óstundvísi/seinkoma er eitt fjarvistarstig og óheimil fjarvist er tvö fjarvistarstig.

Umsjónarkennari boðar foreldra til fundar ásamt nemanda (hafi hann aldur og þroska til), náms- og starfsráðgjafa og skólastjóra eða fulltrúa hans.

Skóli: \_\_\_\_\_ Dagsetning: \_\_\_\_\_

Nafn nemanda: \_\_\_\_\_ Bekkur: \_\_\_\_\_

Á fundinn eru mættir (nöfn og titill) \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Að mati fundarins eru helstu ástæður fjarvista eftirfarandi:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Til að bæta skólasókn nemandans verður stefnt á eftirfarandi.

Hlutverk skólans:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hlutverk foreldra:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hlutverk nemanda (ef það á við):

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Vakin er athygli á að við 30 fjarvistarstig er boðað til annars lausnarfundar með skólastjóra eða fulltrúa hans, ásamt þeim sem á þennan fund voru boðaðir.

Upplýsingabæklingur um Skólasóknarreglur í grunnskólum Reykjavíkur afhendur foreldrum.

Framangreindu til staðfestingar

\_\_\_\_\_

Nemandi

Fyrir hönd skólans

\_\_\_\_\_

Foreldri

### Vissir þú að...

- góð skólasókn er einn af grundvallarþáttum vellíðunar barns í skólanum og styður við jákvæða sjálfsmynd.
- það skiptir máli að kenna barni strax í leikskóla að hver dagur skiptir máli og það að mæta á réttum tíma.
- góð skólasókn mun styðja við farsæld í grunnskóla, framhaldsskóla og síðar í starfi.
- langvinn/endurtekin fjarvera barns frá skóla í upphafi skólagöngu þess getur haft áhrif á námið.
- 10% fjarvera barns frá skóla getur haft áhrif á lestrarnámið.
- barn getur dregist aftur úr í námi þótt það missi aðeins úr einn til tvo daga á nokkurra vikna fresti.
- mæta ítrekað of seint í skólann í upphafi skóladags getur haft áhrif á nám og ástundun.
- mikil fjarvera getur haft áhrif á allan bekkjarhópinn ef kennarinn þarf að hjálpa nemendum við að vinna upp vegna fjarveru frá skólanum.

### Hvað getur þú gert?

- Hafðu reglu um svefntíma og gættu þess að barnið fái alltaf nægan svefn.
- Hafðu ákveðna morgunrútinu og taktu til fót og gögn barnsins kvöldið áður.
- Fullvissaðu þig um á hvaða tíma barnið þitt á að mæta í skólann og sjáðu til þess að það hafi öll gögn meðferðis s.s. bækur, sund- og íþróttaföt.
- Hittu nýja kennara með barninu til að auðvelda aðlögun.
- Ekki halda barninu heima nema það sé veikt. Hafðu í huga að kvartanir um maga- eða höfuðverk geta verið merki um kvíða en þarf ekki að vera ástæða til að vera heima.
- Talaðu við kennarann, námsráðgjafa eða skólastjóra ef barnið virðist kvíða því að fara í skólann.
- Veldu tíma fyrir brýn erindi fyrir barnið utan skólatíma svo skóladagur þess raskist sem minnst.



#### Viðunandi

9 dagar eða færri yfir skólaárið.



#### Hættumerki

10-17 dagar fjarverandi.



#### Langvarandi fjarvera

18 dagar eða fleiri yfir skólaárið

ATH! Þessar tölur miðast við 180 skóladaga



Reykjavíkurborg  
Austurmiðstöð

Júní 2022

## SKÓLASÓKNARREGLUR Í GRUNNSKÓLUM REYKJAVÍKUR

### ÁÆTLUN UM BÆTTA SKÓLASÓKN

BÆKLINGUR ÞESSI ER AFHENTUR  
FORELDRUM ÞEGAR NEMANDI HEFUR 10  
FJARVISTARSTIG EÐA FLEIRI.

### Ágæta foreldri

Skóla- og frístundasvið hefur sett viðmið um verkferil sem fer í gang ef nemandi mætir ekki í skólann og viðunandi skýring er ekki á fjarvistunum. Viðmiðin taka einnig á mikilli fjarveru vegna veikinda og leyfisdaga.

Tvö stig eru gefin vegna óleyfilegra fjarvasta og eitt stig fyrir seinkomu. Við veikindi og leyfi er talið í heilum dögum. Í öllum tilfellum er tekið tillit til eðlilegra skýringa sem liggja fyrir um fjarvistir eða veikindi.

Samkvæmt 19. gr. laga um grunnskóla bera foreldrar ábyrgð á því að börn þeirra sækji skóla. Skólastjóra ber að vísa ófullnægjandi skólasókn til fræðslu- og barnaverndar-yfirvalda.



## Það sem þarf að hafa í huga

- Gott og reglulegt samstarf við umsjónarkennara eykur traust og skilning.
- Ef foreldri telur sig vanbúið til að sinna skyldum sínum gagnvart barni sem forðast að mæta í skóla er mikilvægt að muna að skólinn og miðstöðvar borgarinnar eru til reiðu.
- Miðstöðin er fyrir fjölskyldurnar í hverfinu. Þar er hægt að fá tíma hjá félagsráðgjafa sem getur fengið aðra sérfræðinga til aðstoðar eins og kennsluráðgjafa, hegðunarráðgjafa og sálfræðinga. Síminn hjá Austurmiðstöð er 411 1400.
- Skyldur umsjónarkennara og skólans er að fylgjast með og skrá mætingar. Þegar tilteknum stiga- eða dagafjölda er náð sem Skóla- og frístundasvið hefur skilgreint fer af stað ákveðið ferli sbr. þrep 1 til 5.
- Umsjónarkennari gætir hagsmuna nemandans í skólanum.

## Verkferillinn

- Umsjónarkennari kemur fyrst að vandanum og leitar skýringa og úrbóta.
- Næst tekur skólastjóri eða fulltrúi hans við stjórn málsins og leitar skýringa og úrbóta.
- Ef skýringar og úrbætur leysa ekki mætingarvanda nemandans, leitar skólastjóri eftir aðstoð hjá nemendaverndarráði skólans.
- Nemendaverndarráð leitar til skólaþjónustu miðstöðvar Reykjavíkur.
- Ef ekki tekst að leysa skólasóknarvanda með lausnum sem þessir aðilar leggja til er málinu vísað til Barnaverndar Reykjavíkur.

**Þrep 1**  
(10 fjarvistarstig –  
5 veikinda-/ leyfis dagar)  
Umsjónarkennari ræðir við nemandann í samræmi við aldur og hefur samband við foreldra.

**Þrep 2**  
(20 fjarvistarstig –  
10 veikinda-/ leyfis dagar)  
Umsjónarkennari boðar foreldra til fundar ásamt nemanda, hafi hann aldur til náms- og starfsráðgjafa og skólastjóra eða fulltrúa hans.

**Þrep 3**  
(30 fjarvistarstig –  
15 veikinda-/ leyfis dagar)  
Fundur með skólastjórnanda eða fulltrúa hans, umsjónarkennara, foreldrum og nemanda hafi hann aldur til.

**Þrep 4**  
(40 fjarvistarstig –  
20 veikinda-/ leyfis dagar)  
Fundur með skólastjórnanda eða fulltrúa hans, umsjónarkennara, foreldrum, nemanda hafi hann aldur til og fulltrúa skólaþjónustu.

**Þrep 5**  
(60 fjarvistarstig –  
30 veikinda-/ leyfis dagar)  
Skólastjóri sendir tilkynningu til Barnaverndar Reykjavíkur eftir umfjöllun í nemendaverndarráði.

# Skólasókn bæklingur umsjónarkennara

## Gulir fánar:

- Óútskýrðar fjarvistir eða seinkomur í skóla.
- Erfiðleikar við að fá barn/ungling í skólann á morgnana þrátt fyrir engin merki um veikindi.
- Fjarvistir á ákveðnum dögum eða greinum.
- Svefntruflanir, einbeitingarferfiðleikar, depurð eða pirringur.
- Tíðar beiðnir nemanda um að hringja heim eða vilja fara heim á miðjum skóladegi.
- Tíðar beiðnir um að fara til hjúkrunarfræðings á skólatíma, án þess að nemandi virðist vera veikur.

## Mundu að:

- Starf umsjónarkennara gerir miklar kröfur og það er aldrei of seint að grípa inni.
- Umsjónarkennarinn ber ekki einn ábyrgð á velferð nemandans. Það þarf þorp til að ala upp og mennta barn.
- Snemmtæk inngríp geta komið í veg fyrir óheillavænlega þróun.
- Gæta að aldri nemandar þegar hafin er íhlutun vegna óheimilla fjarvista.
- Foreldrar bera ábyrgð á því að barn mæti í skólann.
- Það er skylda samfélagsins er að tryggja þeim aðstoð sem eru í vanda.
- Nýta samtöl við aðra kennara, skólastjóra og sérfræðinga innan skólans þegar vanda ber að höndum.
- Gott er að orða óútskýrðar fjarvistir eins fljótt og kostur er.
- Halda formlega utan um alla vinnslu og upplýsingar því að þær geta skipt sköpum fyrir frekar vinnslu krefjandi mála.



### Langvarandi fjarvera

18 dagar eða fleiri yfir skólaárið.



### Hættumerki

10-17 dagar fjarverandi.



### Viðunandi

9 dagar eða færri yfir skólaárið.

ATH! Þessar tölur miðast við 180 skóladaga



Borgamiðstöð Austur  
[www.midgardur.is](http://www.midgardur.is)

Febrúar 2022

## Skólasókn

Ágæti umsjónarkennari.

Hér eru nokkur lykilmáttíðir sem gott er að hafa í huga þegar unnið er með óheimilum fjarvistir og aðrar óútskýrðar fjarvistir vegna veikinda og leyfa sem gætu þróast í skólaforðun.

Viðmið Skóla- og frístundasviðs eru þrepaskipt og stig sem gefin eru fyrir óheimilum fjarvistir og seinkomur flytja á milli þrepa. Hvert þrep kallar á aðkomu nýrra aðila innan skólans, nánari vinnslu og síðar á aðkomu þjónustumiðstöðvar. Þegar allur stuðningur er fullnýttur og skólasókn hefur ekki batnað er tilkynnt til Barnaverndar Reykjavíkur.

Stigin eiga ekki að fleyta málum áfram með sjálfvirkum hætti. Stigin eru áminning um að vandi er að aukast. Þótt stigin hrannist upp er mikilvægt að umsjónarkennari og aðrir sem að koma vinni samkvæmt ferlinum á hverju þrepi fyrir sig. Fullvinna þarf hvert þrep áður en farið er á næsta.

Umsjónarkennari er umboðsmaður barnsins í skólanum og fylgist með þeim rauðu ljósum sem kvikna við stigagjöfina samkvæmt viðmiðum um skólasókn.

Umsjónarkennarinn er sá aðili sem bregst fyrst við og fylgist með að ferlinum sé fylgt í skólanum.

# Skyldur umsjónarkennara - verkferill

## Umsjónarkennarinn

Umsjónarkennarar eiga öðrum fremur að fylgjast með námi og þroska allra nemenda sem þeir hafa umsjón með.

Umsjónarkennari ber ábyrgð á að fylgjast með mætingu og bregðast við samkvæmt áætlun um skólasókn.

Þeir eiga meðal annars að leiðbeina nemendum í námi og námsmati, hafa samvinnu við foreldra og forráðamenn eftir þörfum og hlúa að samskiptum meðal nemenda.

Þeim ber að stuðla að góðum bekkjaranda, réttlátum vinnu- og umgengnisreglum og hvetjandi námsumhverfi.

Þeir aðstoða nemendur og ráðleggja þeim um vinnulag, námsval og persónuleg mál. Þeir tryggja að upplýsingar um nemendur berist öllum kennurum sem málið varða.

Umsjónarkennarar eiga að fá upplýsingar frá öðrum kennurum um einstaka nemendur til að geta brugðist skjótt og vel við vanda ef hann kemur upp.

## Verkferillinn

- Umsjónarkennari kemur fyrst að vandanum og leitar skýringa og úrbóta. (Þrep 1 og 2)
- Næst tekur skólustjóri eða fulltrúi hans við stjórn málsins og leitar skýringa og úrbóta. (Þrep 3 og 4)
- Ef skýringar og úrbætur leiða ekki til þess að vandinn leysist leitar skólustjóri eftir aðstoð hjá nemendaverndarráði skólans. (Þrep 3 til 4)
- Skólustjóri getur í samstarfi við foreldra leitað til þjónustumiðstöðvar. (Þrep 3 til 4)
- Ef ekki tekst að leysa skólasóknarvanda með lausnum sem þessir aðilar leggja til er málinu vísað til Barnaverndar Reykjavíkur. (Þrep 5)

Þrep 1 (10 fjarvistarstig)  
Umsjónarkennari ræðir við nemandann í samræmi við aldur og hefur samband við foreldra.

Þrep 2 (20 fjarvistarstig)  
Umsjónarkennari boðar foreldra til fundar ásamt nemanda, hafi hann aldur til, náms- og starfsráðgjafa og skólustjóra eða fulltrúa hans.

Þrep 3 (30 fjarvistarstig)  
Fundur með skólustjóranda eða fulltrúa hans, umsjónarkennara, foreldrum og nemanda hafi hann aldur til.

Þrep 4 (40 fjarvistarstig)  
Fundur með skólustjóranda eða fulltrúa hans, umsjónarkennara, foreldrum, nemanda hafi hann aldur til og fulltrúa skólajónustu.


Þrep 5 (60 fjarvistarstig)  
Skólustjóri sendir tilkynningu til Barnaverndar Reykjavíkur eftir umfjöllun í nemendaverndarráði.

# Ástæða skólaforðunar


- ▶ Skólaforðun er birtingarmynd á vanda.
  - ▶ Félagslegur.
  - ▶ Heimili.
  - ▶ Námslegur.
  - ▶ Einelti.
  - ▶ Samskipti.


# Bjargir á Austurmiðstöð

- ▶ Félagssráðgjafi
- ▶ Hegðunarráðgjafi
- ▶ Kennsluráðgjafi
- ▶ Sálfræðingur
- ▶ Skólaráðgjafi
- ▶ Talmeinafræðingur - sérfræði - hlutverk
- ▶ Unglingaráðgjafi




# KAFADU DÝPRA









# Hverjir?

- ▶ Oft nemendur með greiningar.
  - ▶ ADHD.
  - ▶ Einhverfa.
  - ▶ Þroskaskerðing.
  - ▶ Málproskaröskun.
  - ▶ Annað.

# Hverjir?

- ▶ Hvenær hófst vandinn?
- ▶ Í hvernig aðstæðum er nemandinn?
- ▶ Hvaða ráð gefa sérfræðingar?
- ▶ Hvað getur skólinn boðið upp á?





STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

- ▶ **VIRK** eflir starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði.
- ▶ Tilgangur með þjónustu á vegum VIRK er að aðstoða fólk við að komast til vinnu. Um er að ræða markvissa einstaklingsmiðaða ráðgjöf og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem krefst fullrar þátttöku viðkomandi einstaklings.



STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

- ▶ **VIRK** eflir starfsgetu **nemenda með skólaforðun sem stefna á aukna þátttöku í skólastarfi.**
- ▶ Tilgangur með þjónustu á vegum VIRK er að aðstoða **nemendur við að komast aftur í skólann.** Um er að ræða markvissa einstaklingsmiðaða ráðgjöf og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem krefst fullrar þátttöku viðkomandi einstaklings.

# Fjölbreytileikinn í allri sinni mynd



# Tölum um fjölbreytileika en ekki frávik



ADHD  
samtökin





Takk fyrir.

